

## Stjórnarfundur nr. 4

17. ágúst 2011 kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

**Mættir: Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Auður Sif Sigurgeirsdóttir boðaði forföll.**

### 1. Erindi frá Vinnuhundadeild

**A-2533**

*Vinnuhundadeild óskar eftir því að fá að bæta við viðurkenndum vinnuprófum:*

1. 3.september – Hlýðni I
2. 10. eða 11. september – Sporleitarpróf
3. 17. september Bronsmerki
4. 5. eða 6. nóvember - Sporapróf

*Útskýringar á prófunum:*

**Pann 17.september muni bætast við Bronsmerkjapróf.**

Pann dag fer fram Hlýðni I próf og viljum við til að þurfa ekki að fella niður prófið vegna ónægrar þátttöku og bæta frekar við Bronsmerkjaprófi og að samanlagður fjöldi skráninga verði nægilegur þannig að prófið fari fram.

**Pann 3.september muni bætast við Hlýðni I próf en þá fer fram Bronsmerkjapróf á**

Höfuðborgarsvæðinu.

**Pann 10. eða 11.september viljum við fá Sporleitarpróf með fyrirvara um að dómari geti dæmt.**

Ef hann geti ekki dæmt þessa dagssetningu myndum við vilja fá að halda prófið 24.eða 25.september.

Að lokum viljum við einnig bæta við prófi í sporleit **5.eða 6.nóvember.**

Við viljum reyna að stefna að því að manna öll þessi próf sem munu vonandi verða vel fyllt í kjölfar vonandi samþykktra titla sem við bindum miklar vonir við að verði að veruleika á þessu ári.

Með tilkomu keppni um stígahæstu hunda ársins í vinnuprófum sjáum við í Vinnuhundadeild fram á frekari þátttöku í vinnupróf.

Með bestu kveðju,

f.h stjórnar Vinnuhundaeildar,

Dagbjört Örvardsdóttir

### **Samþykkt**

**Eldra erindi frá Vinnuhundadeild – Frestað frá síðasta fundi þar sem áætlað er að boða stjórn vinnuhundaeildar á fund síðar til að fara yfir erindin.**

1. Breyting á bronsmerkjaprófi
2. Þáttökuborðar á hlýðniþrófum -
3. Titlar
4. Halda prófstjóra og ritarapróf, umsjón Monika Karlsdóttir
5. Samræmingarfundur með stjórn Vinnuhundaeildar og dómara

Reglur um bronsmerkjapróf

## 2. Erindi frá Fjár- og hjarðhundadeild – Auðkenni vegna smalaedlisprófs **A-2534**

Á síðasta stjórnarfundum Fjár- og hjarðhundadeildar, kom upp sú hugmynd að hundar sem lokið hafa smalaedlisprófi og staðist það, fengju auðkenni fyrir aftan nafn sitt í ættbók, ákveðið var að óska eftir því að nota auðkennið „HIT“ (herding instinct test).

Stjórn fjár- og hjarðhundadeildar telur að þetta sé mjög til bóta í framtíðinni að hafa þetta auðkenni á hundunum bæði fyrir ræktendur og eigendur hundanna, þar sem auðkennið gefur upplýsingar um eiginleika sem hundurinn býr yfir.

Þessu er hér með komið á framfæri.

**Fá meiri upplýsingar um titilinn, hvernig þetta er á Norðurlöndum, Bretlandi og fleiri FCI löndum.**

## 3. Skýrsla fulltrúa HRFÍ fyrir próf 501106 – fyrir standandi fuglahunda

Prófið fór fram dagana 30. apríl – 2. maí 2011. Prófið var haldið á Mosfellsheiði og Hólmsheiði fyrir ofan Reykjavík. Veðrið var mjög sérstakt miða við árstíma 15 -20 cm snjór og skýjað en hægur vindur og hiti um frostmark. Dómarar voru Ingrid Frenning, Svafar Ragnarsson og Egill Bergmann, prófstjóri var Margrét Kjartansdóttir. Engar skriflegar kærur hafa borist vegna prófsins sem fór fram eftir reglum félagsins. Egill Bergmann.

## 4. NKU – fundir í Osló 4. október 2011

**A-2535**

1. NKU/IT - Þriðjudaginn 4. október í Osló kl.11-15
2. NKU/General Managers - þriðjudaginn 4. október frá kl.15:00
3. NKU/AU - Miðvikudaginn 5. október frá kl.15:00 – Formaður SKK Nils Erik Áhmansson býður til kvöldverðar þriðjudagskvöldið fyrir fundinn.

**Tilkynna þarf þátttöku og efni á fundina í síðasta lagi 9. september nk.**

## 5. Alþjóðleg hundsýning HRFÍ 27. – 28. ágúst 2011.

Alls eru skráðir 691 hundur á sýninguna af 81 hundakyni. Dómarar eru 5 en einn afboðaði vegna veikinda. Þar sem þátttaka var ekki eins og búist var við, þurfti ekki að finna annan dómara. Dómararnir koma frá Belgíu, Noregi og Spáni. Monique Van Brempt (Belgía), Jos De Cuyper (Belgía), Per Iversen (Noregur) og Carlos Fernandez- Renau Glez Anleo (Spánn).

Ungir sýnendur eru alls 21, 7 í yngri flokk og 14 í eldri flokk, dómari er Jos De Cuyper frá Belgíu.

Hundaræktarfélagið finnur fyrir samdrætti í skráningum á síðustu tveimur sýningum. Ástandið er það sama í Evrópu og Skandinavíu þar sem þurft hefur að afboða fjölda dómara. Greinilegt er að deildarsýningar HRFÍ á síðasta starfsári, hefur áhrif á fjölda skráninga á föstum sýningum félagsins. Félagsmenn eru ekki að nýta sér allar sýningarnar sem í boði eru.

Til samanburðar við fyrri ár má greinilega sjá breytingu:

Júní 2009 – 645 hundar skráðir

Júní 2010 – 748 hundar skráðir

Júní 2011 – 610 hundar skráðir

Ágúst 2010 – 758 hundar skráðir

Ágúst 2011 – 691 hundar skráðir

**Sammála um að samþykkja ekki deildarsýningar á þessu starfsári nema um sé að ræða afmæli deildar sem stendur þá á tugi á meðan skráningum fækkar stöðugt á skipulögðum sýningum félagsins.**

## 6. Uppskeruhátíð fyrir starfsmenn á viðburðum félagsins og aðra félagsmenn verður haldið laugardaginn 3. desember í félagsheimili Fáks. Björn Ólafsson sér um veitingarnar og skipulagningu kvöldsins. Best að auglýsa fljótlega. **A-2536**

Verð 1.000, hámark 180 manns. Húsið opnar kl.19:00. Borðhald hefst kl.20:00. Boðið verður upp á kalt hangikjöt, waldorfsalat, rauðkál, kartöflur í jafning, grænar baunir, laufabrauð og smjör. Í eftirrætt er möndlugrautur með hindberjasósu. Gestir skulu hafa með sér drykkjarföng. Miðasala er til 15. nóvember. Skrifstofan sér um að selja miða. Skemmti- og viðburðanefnd sér

um að finna möndlugjöf og vinninga fyrir happadrætti. Þau sjá einnig um að búa til happadrættisvinning. Súsanna ætlar að fá söngvara með gítar til að spila eftir matinn. Súsanna finnur jólalög til að spila undir málsverðinum.

**Auglýsingin verður eftirfarandi:**

### **Uppskeruhátíð og aðventukvöld HRFÍ**

**Uppskeruhátíð og aðventukvöld HRFÍ verður haldið laugardaginn 3. desember í félagsheimili Fáks í Reykjavík. Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald hefst kl. 20:00. Björn Ólafsson stjórnarmeðlimur sér um veitingarnar og býður upp á kalt hangikjöt, waldorfsalat, rauðkál, kartöflur í jafning, grænar baunir, laufabrauð og smjör. Í eftirrétt verður möndlugrautur með hindberjasósu. Gestir koma sjálfir með sín drykkjarföng. Hámarksfjöldi er 180 manns. Miðasala fer fram á skrifstofu HRFÍ og lýkur 15. nóvember. Verð á mann er kr. 1000.**

**Skemmti- og viðburðanefnd HRFÍ sér um möndlugjöf og happadrætti. Lífandi tónlist verður spiluð eftir matinn.**

7. Erindi frá íþróttadeild – Starfsreglur fyrir íþróttadeild - *Frestað*

8. Önnur mál

1. Skapgerðarmat – Hvernig er valið til þátttöku í skapgerðarmat. Fyrirspurn kom frá aðila sem er búinn að vera lengi á biðlista en frétti að annar hefði komist að strax.
2. Áætlað að hafa fulltrúaráðsfund 21. september

Næsti stjórnarfundur miðvikudaginn 14. september kl.16:30.

*Sign:* Anna María Flygenring, , Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði